

Nd.

**360. Frumvarp til laga**

[209. mál]

um breyting á lögum um hefð, nr. 46 10. nóv. 1905.

Flm.: Pálmi Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

**1. gr.**

Við 1. gr. laganna bætist: Hefð verður þó eigi unnin á búpeningi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með frumvarpi þessu er stefnt að þeirri einu breytingu á lögum um hefð frá 10. nóv. 1905, að aldrei vinnist eignarréttur á búfénaði fyrir hefð, þótt svo kunni að fara um aðra lausafjarmuni og fasteignir.

Svo sem kunnugt er, þá er meginreglan sú um þann hluta búpenings, sem mest gengur laus í högum og á afréttum, að hann ber mark og helgast eigendum sínum í samræmi við það. Hefur svo verið um langan aldur, a. m. k. allt frá gildistöku Jónsbókar árið 1281. Nú er það miklu algengara en sumir kunna að halda, að mistök verði við skil á afréttarpeningi, einkum hrossum, enda alltítt, að þau séu ekki markskoðuð, heldur dregin eftir því, sem menn telja sig þekkja. Sumt er enda marklaust og er þá að réttu eign upprekstrarfélags, verði eigi sannað, hver eigandinn er. Þannig kemur það nokkuð oft fyrir, að bændur heimta skepnur að hausti, sem þeir hafa ekki séð árum saman, enda þótt þær séu með glöggu og réttu marki þeirra, og hafa þær þá væntanlega verið í umsjá annarra manna vegna mistaka við skil. Hafi skepna þannig verið í umsjá sama manns og hann farið með sem sína eign í fullan hefðartíma lausafjár eftir gildandi lögum, getur hann eignast hana á hefð, jafnt fyrir það, þó að hún sé með skýru marki annars manns.

Að dómi flm. eru slík ákvæði óeðlileg og stríða gegn réttlætiskennd almennings, svo sem þeir þekkja til.